

19 gr.

Yfirskoðunarmenn landsreikninganna skulu árlega endurskoða alla reikninga sjóðsins, og skal þeim greidd þóknun fyrir starf sitt. Skýrsla um starfsemi sjóðsins með áritun yfirskoðunarmanna skal árlega birt í Stjórnartíðindunum.

35

7. maí

20. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir umsjón með sjóðnum, og setur hann nánari reglur um hann með reglugerð, þar á meðal hve háa upphæð samtals má árlega lána úr sjóðnum.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn lögum þessum og ákvæðum reglugerðarinnar.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

um

36

7. maí

breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað „til ársloka 1927“ í 2. málgr. 1. gr. laganna komi: til ársloka 1930.

36
7. maí

2. gr.

Gengisviðaukinn á tolli af kaffi og sykri fellur niður frá 1. janúar 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús J. Kristjánsson.

37
7. maí

L Ö G

um

veiting ríkisborgararjettar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararjettur skal veittur:

1. Frú Björgu Caritas Þorlákisdóttur dr. phil., sem fædd er á Íslandi, en hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.
2. Jetvald Lorang Jacobsen, beyki í Reykjavík, sem fæddur er í Noregi.
3. Einari Andreas Olsen Færseth, verkamanni á Siglufirði, fæddum í Noregi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.